

Rangárþing eystra
b/t Guðmundur Úlfar Gíslason
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur

Reykjavík 9. mars 2020
UST202003-002/A.B.
10.04.02

**Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012 – 2024 fyrir
Grenstanga**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 2. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á breytingartillögu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012 - 2024 fyrir Grenstanga.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að rúmlega 4 ha af frístundasvæði verður breytt í íbúðarbyggð á Grenstanga og þar verður gert ráð fyrir 8 lóðum fyrir íbúðarhús, bílskúr og gestahúsi/geymslu. Hámarks byggingarmagn á hverri lóð er 300 m².

Íbúðarsvæði


Í greinargerð kemur fram að fyrirhuguð breyting samræmist stefnu gildandi aðalskipulags Rangárþings eystra 2012 – 2024 þar sem verið er að stækka núverandi íbúðasvæði og samlegðaráhrif m.a. vegna veitna og gatna eru mikil. Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð segir að breytingin gengur út á að breyta núverandi frístundabyggð á Grenstanga í íbúðarbyggð.

Landskipulagsstefna

Þar sem skipulagstillagan tekur til íbúðarsvæðis utan þéttbýlisstaða sveitarfélagsins þá telur stofnunin mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvernig hún samrýmist kafla 2.1.1 í Landskipulagsstefnu þar sem fjallað er um sjálfbæra byggð í skipulagsáætlunum, en þar segir: „*Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.*“

Virðingarfyllst


Axel Benediktsson
sérfræðingur


Björn Stefánsson
sérfræðingur